

Gefið út í febrúar 2026



ÞÚ ÁTT RÉTTINDI

MANNRÉTTINDI
Í GEÐHEILBRIGÐIS-
ÞJÓNUSTU

Þessi bæklingur er útbúinn af Landssamtökunum Geðhjálp og er ætlaður fólki sem sætir náðung og þvingun sökum sjálfræðis- eða lögræðissviptingar. Við viljum styðja þig til að þekkja réttindi þín og láta rödd þína heyrast.

Þú hefur ákveðin réttindi sem eru varin í lögum um réttindi sjúklinga (74/1997), lögum um sjúkraskrár (55/2009) og lögræðislögunum (71/1997). Þú átt rétt á að:

Vita og skilja ástæðu nauðungarvistunar

Einstaklingur sem er nauðungarvistaður á rétt á að læknir kynni honum og geri skýra grein fyrir ástæðum vistunarinnar tafarlaust, eða svo fljótt sem ástand leyfir. **1**

Fá aðstoð sérstaks ráðgjafa

Nauðungarvistaður einstaklingur á rétt á aðstoð sérstaks ráðgjafa og til að ræða við ráðgjafann einslega um hvaðeina sem nauðungarvistunina varðar og hafa samband við hann reglulega. Vakthafandi lækni ber skylda til að kynna nauðungarvistuðum einstaklingi um þennan rétt og kalla ráðgjafann til án tafar. **1**

Bera ákvörðun um nauðungarvistun umfram 72 klukkustundir undir dómstóla

Nauðungarvistun má ekki vara lengur en 72 klukkustundir nema til komi ákvörðun sýslumanns. Nauðungarvistun samkvæmt ákvörðun sýslumanns má ekki vara lengur en í 12 vikur. Nauðungarvistaður einstaklingur á hvenær sem er rétt á að bera ákvörðun um nauðungarvistun undir dómstóla og skal sérstakur ráðgjafi aðstoða við þá málsmeðferð.

Fá upplýsingar um meðferðina

Þau sem þiggja heilbrigðisþjónustu eiga skýlausan rétt til að fá upplýsingar um fyrirhugaða meðferð, framgang hennar, kosti og galla. Einnig á að veita upplýsingar um önnur möguleg úrræði og mögulegar afleiðingar þess ef ekkert er gert. Þetta á að gera á þann hátt og við þau skilyrði að viðkomandi geti skilið upplýsingarnar. **2**

Fá aðgangi að eigin sjúkraskrá

Öll eiga rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá og til að fá afrit af henni ef þess er óskað. ³

Eiga samskipti við umheiminn

Það má ekki taka síma, tölvu eða önnur samskiptataeki af nauðungarvistuðum einstaklingi nema brýnar ástæður krefji. Einstaklingur sem er nauðungarvistaður má hafa samband við fjölskyldumeðlimi, vini, kunningja, samtök, lögfræðinga og málsvara sem dæmi.

Biðja um annað álit

Öll eiga skýlausan rétt á að biðja um annað álit á greiningu, meðferð, ástandi og batahorfum. Sá réttur nær einnig til mats læknis á nauðsyn nauðungarvistunar. Þau geta óskað eftir að ákveðinn læknir aðstoði þá eða komið því á framfæri að þau vilji **ekki** að ákveðinn læknir veiti þeim aðstoð.

Með lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) haustið 2025, eru mannréttindi þín enn skýrari. Samkvæmt samningnum átt þú rétt á að:

Njóta frelsis frá pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Þvinguð meðferð á fötluðum einstaklingi er óheimil. ⁴
Sérstakur sendiboði Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri vanvirðandi eða ómannúðlegri meðferð áréttaði að þvinguð lyfjagjöf, sem veldur því að einstaklingur verður sljór eða titrandi og felur í sér mikinn andlegan eða líkamlegan sársauka fyrir viðkomandi falli undir pyndingar. ⁵

¹ Lögræðislög (71/1997), 25. gr. liður 1

² Lög um réttindi sjúklinga (74/1997), 5. gr.

³ Lög um sjúkraskrár (55/2009), 14. gr.

Njóta frelsis og persónulegu öryggi

Það má ekki svipta neinn frelsi með ólögmætum hætti eða geðþóttaákvörðunum. Fötlun réttlætir ekki frelsissviptingu. Ef fatlað fólk er svipt frelsi sínu verða mannréttindi að vera tryggð til jafns við annað fólk og öll eiga **rétt á viðeigandi aðlögun**.⁶ Viðeigandi aðlögun getur til dæmis falið í sér að upplýsingar séu gefnar á skýru og einföldu máli, að fá lengri tíma til umhugsunar. Ætíð skal gæta meðalhófs og frelsi einstaklings skal ekki skert nema það sé nauðsynlegt og fyrir því séu færð skýr rök. Þá má frelsissvipting aldrei vera viðtækari eða vara lengur en nauðsyn krefur. Það má t.d. ekki hefta aðgengi að drykk, mat, reykingum og þess háttar nema brýn nauðsyn krefji.

Hvert getur þú leitað ef brotið er á réttindum þínum?

- Ræða við sérstakan ráðgjafa sem þér skal úthlutað við nauðungarvistun
- Lögmæti nauðungarvistunar má alltaf bera undir dómstóla og skal sérstakur ráðgjafi aðstoða við það
- Kvörtun til Landlæknisembættisins, island.is/kvortun-til-landlaeknis
- Talskona sjúklinga, island.is/s/landspitali/talskona-sjuklinga, s: 543-1000 og óska eftir sambandi við talskonu eða talskona@landspitali.is
- ÖBÍ, s: 530 6700 eða radgjof@obi.is
Mannréttindastofnun Íslands, s: 554-8100 á virkum dögum milli 9 til 16 eða rettindagaesla@mannrettindi.is
- Geðhjálp, s: 570 1700 á virkum dögum milli 9-15

⁴ Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (106/2025), 15. gr.

⁵ Skýrsla sérstaks sendiboda Sameinuðu þjóðanna til aðalritara Sameinuðu þjóðanna frá 28. júlí 2008

⁶ Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (106/2025), 14. gr.